

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjaldfrelsi áfengra drykkja 43
sem ætlaðir eru til skipsforða. — Í brjefi ráðgjafans, 28. ágúst f. á., eruð þjer, herra 1. marz.
landshöfðingi, beðnir um að hafa gætur á því, að ákvörðunin í tilskipun 26. febr. 1872,
2. gr., um, að eigi þurfi að greiða aðflutningsgjald af áfengum drykkjum sem ætlaðir
eru til forða handa skipshöfnunum sjálfum á skipum, sem koma til Íslands, verði eigi
notuð til að svíkja landssjóðinn um aðflutningsgjald, og til þóknanlegrar leiðbeiningar
skal, í sambandi við ofanefnt brjef, eigi látið hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til
vitundar, að það hefir hjer verið tekið til ihugunar, eptir gefnu tilefni frá Finsen lands-
höfðingja, hvort eigi væri æskilegt að gefnar yrðu almennar reglur um það, hve mikið
megi telja til skipsforða, og þannig flytjast ótollað til Íslands.

Ráðgjafinn verður þó að álíta, að eigi sje unnt að gefa almennar reglur um
þetta efni, með því að sjálfsagt er, að eigi sje á það eitt lítið, hve stór skipshöfnin er,
heldur einnig á það, hve lengi skipið er á leiðinni, og verður það því að vera komið
undir dómi hlutaðeigandi tollheimtumanns, hvort sennilegt sje, eptir því sem á stendur
fyrir hverju einstöku skipi, að hæfilega sje talið fram það sem það hefir meðferðis sem
skipsforða. Til leiðbeiningar í þessu efni mun að líkindum mega nota ákvarðanir þær,
um úthlutun á öli og öðrum áfengum drykkjum, sem innihaldast í reglugjörð 30. janúar
1867 um aðbúnað skipshafna á dönskum kaupskipum, og til frekari leiðbeiningar skal
því viðbætt, að ráðgjafanum hefir verið skýrt svo frá, að venjulegur forði af áfengum
drykkjum handa skipum, sem fari til Íslands, sje fjórðungur potts af brennivíni um vik-
una handa manni hverjum, auk þess sem úthlutað er skipshöfnum þegar mikið er
starfað eða veður er illt. Til skips í Íslandsferðum, með 7 mönnum á, er farið hefir 2
eða 3 ferðir á hjer um bil hálfum níunda mánuði, hefir hinn sami skipstjóri, sem gefið
hefir ofangreinda skýrslu, sagt, að gengið hafi sem forði á ári hverju 120 pottar af
brennivíni og 5 tunnur af skipsöli.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sam- 44
þykki til hækkunar á jafnaðarsjóðsgjaldi. — Í þóknanlegu brjefi 12. f. m. hafið þjer, 21. marz.
herra amtmaður, skýrt frá, að um leið og amtsráð norður og austuramtsins á fundi sín-
um 19. desember f. á. samdi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1883,
hafi amtsráðið ákveðið að jafna skyldi niður 20 aurum á hvert lausafjárhundrað, þannig
að jafnaðarsjóðsgjaldið alls næmi 5614 kr., en með því að þessi upphæð fer fram úr
því, sem amtsráðinu er heimilt upp á sitt eindæmi að jafna niður, samkvæmt 56. gr.
sveitastjórnarlaganna, þar sem meðalupphæð gjaldsins um 3 undanfarin ár, að viðbætt-
um $\frac{1}{4}$, er 5032 kr. 7 a., hafið þjer fyrir hönd amtsráðsins leitað samþykkis míns til
þessarar niðurföfnunar.

Út af þessu gefst yður til vitundar, að jeg hjermeð samkvæmt 56. gr. sveita-
stjórnarlaganna veiti hið umbeðna samþykki.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um greiðslu á laun- 45
um hreppstjóra. — Með brjefi dagsettu 16. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent 27. marz.
mjer skrá yfir tölu þeirra búenda í hverjum hreppi í sýslu yðar, er, samkvæmt manntals-
bók sýslunnar fyrir umliðið ár, bjuggu á jörð eða jarðarparti, sem metinn er til dýrleika
eigi minna en 5 hundruð, sem og kvittanir frá 5 hreppstjórum í sýslunni fyrir launum

45 þeirra, er þjer höfðuð borgað þeim á síðustu manntalsþingum, fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní 1882, og hafið þjer farið þess á leit, að yður verði ávísað úr lands-sjóði þeirri upphæð, sem öllum hreppstjórum í sýslu yðar hefði átt að greiðast í laun á síðustu manntalsþingum, og enn fremur spurt um :

1. hverja upphæð eigi að greiða hreppstjórunum á þessa árs manntalsþingum fyrir hið þá umliðna fardagaár, og
2. hvort senda eigi landfógeta kvittanirnar og hann taka þær sem gilda borgun upp í landssjóðstekjur, eða hvort beri að senda þær beina leið til landshöfðingja til ávísunar.

Út af þessu vil jeg tjá yður það, sem þjer fer á eptir, yður til leiðbeiningar.

Samkvæmt lögum um laun hreppstjóra 13. jan. f. á., ráðherrabréfi 22. febrúar og landshöfðingjabréfum 26. júní, 28. nóvbr. og 20. desbr. s. á., sem öll eru prentuð í stjórnartíðindunum, ber að greiða hreppstjóra, eða hreppstjórum í hverjum hreppi á manntalsþingum ár hvert þóknun þá, sem ákveðin er í lögnum, fyrir hvert síðast umliðið fardagaár, í fyrsta sinn á manntalsþingum 1882 fyrir tímabilið frá 1. jan. til 6. júní það ár; fje þetta eiga sýslumenn að greiða af tekjum landssjóðsins, og síðan að færa það til útgjalda í manntalsbókarreikningum sínum, sem afborgun upp í ábúðar- og lausafjárskatt og láta kvittanir hreppstjóranna og önnur þau skilríki, sem nauðsynleg eru til að hafa eptirlit með, að hreppstjóralaunin sjeu rjett greidd, fylgja með manntalsbókarreikningnum, er þar á eptir verður endurskoðaður og úrskurðaður á venjulegan hátt í heild sinni, þar í sá útgjaldaliður, er innibindur útborgun hreppstjóralaunanna. Samkvæmt þessu hefðuð þjer á manntalsþingum 1882 átt að greiða hreppstjórunum í sýslu yðar laun þau, sem þeim báru fyrir tímabilið frá 1. janúar til 6. júní (ekki 30. júní) það ár, færa það sem útborgað var til útgjalda í manntalsbókarreikningi yðar fyrir sama ár, og láta kvittanir hreppstjóranna og önnur nauðsynleg skilríki fyrir útborguninni fylgja nefndum reikningi, en hvorki að senda kvittanirnar til landfógeta, sem borgun upp í landssjóðstekjur ñje til landshöfðingja til ávísunar. En eins og nú er komið, virðist mjer rjettast, að þjer færið til útgjalda í manntalsbókarreikningi yðar fyrir árið 1883, sem afborgun upp í ábúðar- og lausafjárskattinn það ár, bæði þau hreppstjóralaun, sem þjer hefðuð átt að greiða af hendi á manntalsþingum 1882 fyrir tímabilið frá 1. janúar til 6. júní s. á. og þau hreppstjóralaun, sem þjer eigið að greiða á manntalsþingum 1883 fyrir fardagaárið 1882—83, og láta reikningnum fylgja hin nauðsynlegu skilríki fyrir útborguninni, þar á meðal kvittanir hreppstjóranna fyrir launum þeirra, fyrir allt tímabilið frá 1. janúar 1882 til 6. júní 1883 er þá verða 1 kr. 43 a. fyrir hvern búandi mann innanhrepps, er býr á jörð eða jarðarparti, sem metinn er eigi minna en 5 hundruð að dýrleika.

Skjöl þau, er fylgdu með brjefi yðar, endursendast.

46 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjárdarsýslu um heimild sýslu-nefnda og hreppsnefnda til að hækka aukaútsvör. — Í þóknanlegu brjefi 3. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Holtshreppi borið upp þá fyrirspurn, hvort eigi beri að skilja svo fyrirmælin í 19. grein sveitastjórnarlaganna, að hreppsnefndum og sýslunefndum sje jafn-heimilt að hækka sem lækka aukaútsvör einstakra gjaldþegna, þegar paraðlútandi kærur eru bornar upp á lögmætan hátt.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess að þjer birtið það, að fyrirspurn yðar ber að svara með jákvæði.